

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/55/EB

frá 17. júlí 1998

um breytingu á tilskipun 93/75/EBE um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 84.gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 93/75/EBE (4) eru ekki tiltekin nákvæmlega ákvæði um sjóflutninga á geislavirkum efnum sem um getur í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) A.748(18) um flokkunarkerfi fyrir öryggi í flutningi á geisluðu kjarnakleyfu efni, plútóníumi og úrgangi með mikla geislavirkni í geymum um borð í skipum (INF-flokkunarkerfið).

Nauðsynlegt er að efla öryggi á sjó og koma í veg fyrir mengun sjávar í tengslum við flutning á geisluðu kjarna-kleyfu eldsneyti, plútóníumi og úrgangi með mikla geislavirkni.

Til glöggvunar er nauðsynlegt að fella INF-flokkunarkerfið inn í skrána yfir alþjóðasamninga, flokkunarkerfi og ályktanir sem vísað er til í 2. gr. tilskipunarinnar. Þetta gerir lögbærum yfirvöldum kleift að afla sér tilskilinna upplýsinga um eðli geislavirkra efna um borð og staðsetningu þeirra og koma þannig í veg fyrir og draga úr hættu á slysum í tengslum við skip sem flytja slík efni.

Tilkynning um INF-flokk skips, þar sem tilgreint er það heildarmagn geislavirkra efna sem heimilt er að flytja um borð, gefur viðkomandi lögbærum yfirvöldum nákvæmari upplýsingar

og stuðlar þannig að meiri viðbragðsflýti ef slyss eða óhapp ber að höndum á sjó í tengslum við geislavirk efni.

Með einfaldaðri málsmeðferð ætti að vera unnt að breyta I. og II. viðauka við tilskipun 93/75/EBE til samræmis við þróun í þjóðarétti, einkum með tilliti til breytinga á alþjóðasamningum, flokkunarkerfum og ályktunum sem ekki er getið í 2. gr. þeirrar tilskipunar en hafa öðlast gildi eftir að hún var samþykkt. Þessar breytingar mega þó hvorki verða til þess að færa út gildissvið tilskipunarinnar né leiða til breytinga á tilkynningarskyldunni sem þar er lýst, og sér í lagi mega þær ekki verða til þess að vikka út tilkynningarskylduna þannig að hún nái til skipa í umflutningi. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 12. gr., virðist vera hentugasta leiðin til að taka upp slíkar breytingar. Í þessu tilliti ber að bæta við ákvæði 11. gr.

Breyta ber I. og II. viðauka við tilskipun 93/75/EBE til að taka tillit til breytinga á alþjóðasamningum, flokkunarkerfum og ályktunum sem ekki er getið í 2. gr. þeirrar tilskipunar en hafa öðlast gildi eftir að hún var samþykkt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 93/75/EBE er breytt sem hér segir:

1. í 2. gr.:

- bætist eftirfarandi við í c-lið á eftir orðunum „IMDG-flokkunarkerfinu“:

„að meðtöldum geislavirkum efnum sem um getur í INF-flokkunarkerfinu,“

- bætist eftirfarandi liður við:

„i) „INF-flokkunarkerfið“: alþjóðlegt flokkunarkerfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir öryggi í flutningi á geisluðu kjarnakleyfu eldsneyti, plútóníumi og úrgangi með mikla geislavirkni í geymum um borð í skipum, í þeirri útgáfu sem gildir 1. janúar 1998;“

- verði i-, j- og k-liður að j-, k- og l-lið;

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 215, 1. 8. 1998, bls. 65, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 334, 8. 11. 1996, bls. 11 og Stjtið. EB C 264, 30. 8. 1997, bls. 4.

(2) Stjtið. EB C 133, 28. 4. 1997, bls. 7.

(3) Álit Evrópuþingsins var skilað 24. apríl 1997 (Stjtið. EB C 150, 19. 5. 1997, bls. 31), sameiginleg afstaða ráðsins frá 11. desember 1997 (OJ C 23, 23. 1. 1998, bls. 6) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. mars 1998 (Stjtið. EB C 104, 6. 4. 1998).

(4) Stjtið. EB L 247, 5. 10. 1993, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB (Stjtið. EB L 158, 17. 6. 1997, bls. 40).

2. í 11. gr.:

- komi „e-, f-, g-, h-, i- og j-lið“ í stað „e-, f-, g-, h- og i-lið“;
- bætist eftirfarandi undirliður við:
„- breyta viðauka þessarar tilskipunar til samræmis við síðari breytingar á alþjóðasamningum, flokkun-arkerfum og ályktunum um öryggi á hafinu og verndun á umhverfi sjávar sem hafa gengið í gildi, án þess að færa út gildissvið hennar.“;

3. komi viðaukinn við þessa tilskipun í stað I. og II. viðauka.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júlí 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

W. RUTTENSTORFER

forseti.

*VÍÐAUKI**„I. VÍÐAUKI***Upplýsingar um skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur***(5. gr.)*

1. Nafn og kallmerki skipsins og, ef við á, IMO-auðkenningarnúmer.
2. Þjóðerni skipsins.
3. Lengd og djúprista skipsins.
4. Ákvörðunarhöfn.
5. Áætlaður komutími til ákvörðunarhafnar eða hafnsögustöðvar, eftir því sem lögbært yfirvald krefst.
6. Áætlaður brottfarartími.
7. Fyrirhuguð leið.
8. Rétt tækniheiti hættulegu eða mengandi varanna, númer Sameinuðu þjóðanna ef þau eru fyrir hendi, IMO-hættuflokkar í samræmi við flokkunarkerfin IMDG, IBC og IGC, magn slíkra vara og staðsetning þeirra um borð og, ef þær eru í færanlegum tönkum eða gámum, auðkenni þeirra.
9. Staðfesting á að í skrá, farmskrá eða viðkomandi lestunaráætlun séu nákvæmar upplýsingar um hættuleg eða mengandi efni um borð í skipinu og um staðsetningu þeirra.
10. Fjöldi skipverja um borð.

II. VIÐAUKI

GÁTLISTI FYRIR SKIP

(3. mgr. 6. gr., 8. gr. og III. viðauki)

A. Upplýsingar um skipið

Nafn skipsins: Eigandi: Smíðarár:

Fáni: Brúttóþyngd

Heimahöfn: Lengd:

Kennistafir eða -tala (kallmerki): IMO-auðkenningarnúmer, ef við á:

Flokkunarfélag: Hafsvæði þar sem skipið hefur siglingaleyfi:

Flokkunartákn: Skrokkur: Vélbúnaður:

Knúningsvél: Afköst:

Umboðsmaður:

Djúprista: Að framan: Miðskips: Að aftan:

Rúmtak/massi hættulegs eða mengandi farms:

B. Öryggisbúnaður um borð

Í góðu lagi

	Já	Nei	Ágallar
1. Smíði og tæknibúnaður			
Aðal- og aukavélar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aðalstýribúnaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aukastýribúnaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Akkerisbúnaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fast slökkvikerfi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Eðalgaskerfi (ef við á)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

	Í góðu lagi		Ágallar
	Já	Nei	
2. <i>Siglingabúnaður</i>			
Stýrieiginleikar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aðalratsjá	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aukaratsjá	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Snúðáttaviti	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Staðalseguláttaviti	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Radíómiðunartæki	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Bergmálsdýptarmælir	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Annar rafeindabúnaður til staðarákvörðunar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Búnaður til að mæla hraða og vegalengd (vegmælir)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
- sigldur hraði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
- haldinn hraði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. <i>Fjarskiptabúnaður</i>			
Loftheimabúnaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Talstöðvarbúnaður (VHF)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
GMDSS-fjarskiptabúnaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fjarskiptabúnaður fyrir björgunartæki	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

C. Skjöl

	Gild skirteini/ skjöl um borð		Athugasemdir
	Já	Nei	
Alþjóðlega mælibréfið (1969)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisskirteini farþegaskips	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisskirteini vöruflutningaskips	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisskirteini um smíði vöruflutningaskips	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skirteini fyrir öryggisbúnað vöruflutningaskips	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisskirteini fyrir fjarskiptabúnað vöruflutningaskips	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisskirteini fyrir loftskeytastöðvar vöruflutningaskips ⁽¹⁾	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisskirteini fyrir talstöðvar vöruflutningaskips ⁽¹⁾	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Undanþáguskirteini (SOLAS)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Alþjóðlega hleðslumerkjaskirteinið	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Alþjóðlega hleðslumerkja-undanþáguskirteinið	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Flokkunarskirteini	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tryggingarskirteini eða önnur fjárhagsleg trygging gegn skaðabótaábyrgð vegna olíumengunartjóns	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skjal um samræmi við sérkröfur vegna skipa sem flytja hættulegan farm (SOLAS)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

⁽¹⁾ Þetta á einungis við um skip sem eru smíðuð fyrir 1. febrúar 1995.

	Gild skirteini/ skjöl um borð		Athugasemdir
	Já	Nei	
Útfyllt olíubók/farabók (Alþjóðlegt) hæfnisskirteini fyrir flutning hættulegra efna í lausu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
(Alþjóðlegt) hæfnisskirteini fyrir flutning fljótandi lofttegunda í lausu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Alþjóðlega olíumengunarvarnarskirteinið (IOPP-skirteinið)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Alþjóðlega mengunarvarnarskirteinið fyrir flutning fljótandi eiturefna í lausu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisskirteini háhraðafars	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Leyfi til að gera út háhraðafar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hleðsluáætlun fyrir hættulegan farm	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Gögn um stöðugleika	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Lágmarksöryggismönnunarskirteini	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Afrit af samræmisskjali (ISM-reglur)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisstjórnunarskirteini (ISM-reglur)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

D. Yfirmenn og áhöfn

	Réttindaskirteini (nákvæm lýsing og raðnúmer)		Gefið út af (lögbært yfirvald)	Frá (staður/land)	GMDSS (¹)
	Já	Nei			
Skipstjóri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Yfirstýrimaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Annar stýrimaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þriðji stýrimaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Yfirvélstjóri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fyrsti vélstjóri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Annar vélstjóri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þriðji vélstjóri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fjarskiptamaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Heildarfjöldi undirmanna Á þilfari Í vélarrúmi

.....

.....

Úthafslóðs um borð

Dagsetning

Undirskrift skipstjóra eða staðgengils í fjarveru hans

(¹) Tilgreinið ef viðkomandi er handhafi almenns GMDSS-skirteinis.